



Morgunblaðið/Emilla

Aðstandendur Rokkskógaráttaksins kynna fyrirhugaða söfnun á blaðamannafundi í Laxfossi.

Tónleikar um allt land til styrktar skógrækt

ÞETTA ár hefur verið helgað skógræktaráttakinu Landgræðsluskógar 1990 og leggja þar margir hönd á plóg. Meðal þeirra eru rokk- og poppsöngvarar og hljómsveitir og 15. til 16. júní verða tónleikar víða um land þar sem safnað verður fé til kaupa á trjáplöntum, sem gróður-settar verða í sérstökum skógarreit sem nefndur verður Rokkskógurinn.

Skipulag Rokkskógaráttaksins er í höndum Kristins Sæmundssonar, en aðilar að því eru Landgræðsluskógar, Norrænt umhverfisár, Íþrótt og tómstundaráð, sjálfboðaliðar frá Vinnskólanum og Ungmennafélag Íslands, og sagði Kristinn að þetta væri bara byrjunin, til stæði að koma upp rokkskógi í hverjum landshluta fram til aldamóta.

„Í þessu átaki, sem ætlað er að efla græna hugsun fólks, gera það meðvitað um umhverfi sitt, taka þátt flestir popp- og rokktonlistarmenn landsins og munu renna 150 kr. af hverjum seldum miða á fjölda tón- og dansleikja um land allt 15. og 16. júní til söfnunarinnar, en hápunktur hennar verður tónleikar í Laugardalshöll, þar sem fram munu koma átta hljómsveitir og söngvarar, sem gefa sína vinnu að mestu; Sykurmolarnir, Bubbi Morthens, Sálín hans Jóns míns, Síðan skein sól, Megás með hljómsveit, Risaedlan, Bootlegs og Todmobile. Allur hagnaður af þeim tónleikum mun renna til söfnunarinnar. Til að gera tónleikana í Laugardalshöll sem veglegasta flytjum við inn hljóð- og ljósakerfi frá Bretlandi. Hljóðkerfið verður 25 kW og ljósakerfið er gríðarstórt og kemur með því maður að utan til að stýra því. Höllin verður opnuð kl. 19.30, og við hana verður sett upp port til

að gefa gestum kost á að fá sér ferskt loft, en tónleikarnir hefjast kl. 20.30 stundvíslega og standa til 2.30,“ sagði Kristinn.

Til að auðvelda unglingum heimferðina verða sex strætisvagnar í förum eftir tónleikana í öll hverfi borgarinnar, en einnig verður boðið uppá ókeypis sætaferðir eftir tónleikana uppá Akranes/Borgarnes, um Mosfellssveit og austur á Helli/Hvolsvöll, en þær ferðir verða tónleikagestir að skrá sig í í sínum 626451/52.

Forsala aðgöngumiða, en miðaverðið er valið í tilefni af áttakinu, kr. 1990, hefst í Kringlunni og í Austurstræti í dag og munu ýmsir tónlistarmenn troða upp við sölubásana. Til viðbótar við þessa söfnun verða seld barmmerki, póstkort á íslensku og ensku og bolir fyrir tónleikana og á þeim og í allt sumar.

Ýmis fyrirtæki styrkja áttakið; Gott fólk, Eimskip, Flugleiðir, Prent-húsið, Silkirent, Geimsteinn, Smekkleysa, Sanitas, Kringlan, Kraftlyftingasamband Íslands og PR-búðin.

Markmiðið er að safna fé til kaupa á 2–300.000 plöntum, til að gera skógin veglegan. „Rokkskógurinn kemur,“ sagði Kristinn Sæmundsson að lokum.

Norræn hönnunarsýning:

Íslenskt raðhús vekur athygli


RADHÚS eftir Guðmund Jónsson, arkitekt, hefur vakið mikla athygli á norrænni hönnunarsýningu sem nú stendur yfir í Malmö. Sýningunni er ætlað að kynna það besta í norrænni hönnun á allra síðustu árum. Hún stendur yfir til 2. september.

Í samtali við Morgunblaðið sagði Guðmundur að raðhúsið hefði fengið góðar viðtökur hjá sænskum almenn- ingi, blaðamönnum og arkitektum sem skoðað hafa sýninguna. Hann sagði að hugmyndafræði húsin byggði á samtali sínu við Snorra Sturluson. „Snorri kemur í húsið og spyr hvað hafi orðið um íslenska byggingarlist frá því hann var uppi. Ég svara honum með tilvitnun- um í húsið og smám saman skilur hann stöðu þess miðað við þróun í íslenskrí byggingarlist. Svo dæmi sé tekið spyr Snorri af hverju burstirnar séu horfnar og ég svara honum því til að þær hafi orðið til vegna skorts á löngum trjástofnum en í dag búum við yfir annarri tækni þ.e.a.s. stáli sem við getum beygt til að rýmið sé hæst í miðjunni og lægst á hliðunum eins og það var í gamla daga.“ Þess má geta að í húsinu er baðstofa, sem er að hluta til vetrargarður, og tvö- faldir veggir í stað gömlu veggheðsl- anna. Á milli veggjanna er komið fyrir lokrekku, skápum, sturtu og klósetti.

Að sögn Guðmundar eru allar fastar treinnréttingar í húsinu íslenskar. Skápar, bókahillur og skrifborð

eru frá GKS og eldhúsinnréttingin er frá Brúnási. „Fólki finnst innrét- tingarnar mjög skemmtilegar,“ segir Guðmundur og bætir við að tveir skúlptúrar eftir Þórdísi Öldu Sigurð- ardóttur hafi vakið athygli sýningar- gesta. Auk þess má nefna þrjár rúm- breiður eftir Helgu Pálinu Brynjólfs- dóttur, Ingiríði Óðinsdóttur og Björk Magnúsdóttir. Hlutirnir eru allir sér- staklega gerðir fyrir húsið.

Af fleiri Íslendingum sem eiga verk á sýningunni í Malmö má nefna Ásgerði Búadóttur, Jens Guðjónsson, Leif Breiðfjörð og Jón Snorrason. Að lokum má geta þess að raðhúsið er eina húsið, af húsunum fimm á sýningarsvæðinu, sem birst hafa myndir af í sænsku tímaritunum Skön Hem og Form. Sýningar- svæðið er á fyrrum athafnasvæði Kockums skipasmíðastöðvarinnar, svokallaðir Hjalmsbryggju, sem er 400 metra löng og liggur samsíða lægi „flugbá- tanna“ sem fara milli Malmö og Kaupmannahafnar. Auk mannvirkja á bryggjunni, sem nýtt verða fyrir sýningar, hafa verið reistir nýir skálar, byggð útisvæði, leiksvið og garð- ar, götur og torg á svæðinu.



Framhlið raðhússins.

Lesendakönnun fer ekki fram:

Styð auglýsend-ur heilshugar

— segir Herdís Þorgeirsdóttir, ritstjóri Heimsmyndar

„Ég tek heilshugar undir þá ákvörðun SÍA að taka ekki þátt í lesendakönnun á þeim blöðum og tímaritum sem ekki taka þátt í upplagseftirliti,“ segir Herdís Þorgeirsdóttir ritstjóri Heims- myndar. Eins og blaðið greindi frá í síðustu viku hefur SÍA, Sam- band íslenskra auglýsingastofa og samstarfshópur auglýsenda neitað þátttöku í lesendakönnun tímarita sem farið hefur fram árlega. Vilja auglýsendur með því knýja forráðamenn blaða og tímarita sem ekki taka þátt í upplagseftirliti til að endurskoða ákvörðun sína.

Heimsmynd og Þjóðlíf eru einu tímaritín sem þátt taka í upplags- eftirlitinu, ef undanskilin eru sex landsmálablöð. Að sögn Herðisar kaus hún taka þátt í eftirlitinu til þess að sýna auglýsendum svart á hvítu að upplagstölur Heimsmyndar væru réttar.

„Við gagnrýndum það þegar byrjað var að gera lesendakönnunir að aðilar sem ekki taka þátt í upplagseftirliti skyldu vera með fing- urna í framkvæmd könnunarinnar,“ segir Herdís. „Að mínu mati eru þetta tvö óaðskiljanleg tæki, upplagseftirlit og lesendakönnun. Því verður ekki neitað að auglýsinga- stofur nýta þessi tæki ekki sem

skyldi.

Það er þó nokkur vísbending að Heimsmynd er með bróðurpartinn af þeim auglýsingum sem birtast í þekktustu tímaritunum. Við þökk- um það upplagseftirlitinu og vin- sældum blaðsins,“ segir Herdís Þor- geirsdóttir.

OPIÐ HÚS Í VALHÖLL

Laugardaginn 16. júní milli kl. 17.00 og 19.00 verður móttaka í Valhöll, Háaleitisbraut 1, fyrir þá, sem störfuðu fyrir Sjálfstæðisflokkinn á kjördag í borgar- stjórnarkosningunum í Reykjavík 26. maí sl.

Sjálfstæðisflokkurinn.

FORMENTA FÁNASTÖNGIN

Hún er metsölustöngin ár eftir ár. Þetta eru ástæðurnar:



Efst er gyllt plexiglerskúla. Gyll- ingin er að innan svo hún veðrast síður.



Ryðfri snúningsfesting kemur í veg fyrir að fáninn vefjist upp á stöngina.



Stöngin er framleidd af For- menta í Svíþjóð úr físléttu trefja- gleri og er sérstaklega styrkt fyrir okkar veðurfar.



Frágangur er til fyrirmyndar. Flagglínufestingin er úr varan- legu nælonefni. Krómaðar kop- arskrúfur.



Allar festingar eru úr sinkhúðuðu stáli (galvaniseruðu). Stöngin er fellanleg.



Íslenski fáninn í öllum stærðum á lager. Einnig þjóðfánar margra ríkja. Aðrir fánar eru sérpantað- ir. Útvegum auglýsinga- og fyrir- tækjafána úr spun-polyester.



Það fer ekki mikið fyrir fána- stöng í gjafabréfi. Skemmtileg gjöf sem fer lítið fyrir.

6 metra stöng kr. 26.950—stgr.
7 metra stöng kr. 28.900—stgr.
8 metra stöng kr. 31.500—stgr.

ELLINGSEN
Grandagarði 2, sími 28855, Rvík.